

Starfsáætlun Þekkingarseturs Suðurnesja árið 2013

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað 1. apríl 2012 og að því standa öll sveitarfélögin á Suðurnesjum, Náttúrustofa Suðvesturlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Keilir. Helstu markmið þekkingarsetursins snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi, símenntun, samþættingu þekkingarstarfs og samstarfi við aðrar mennstofnanir á Suðurnesjum. Hér á eftir er farið yfir starfsáætlun setursins fyrir núverandi starfsár í samræmi við þessi markmið.

Rannsóknastarf

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum bera uppi rannsóknarhluta þekkingarseturs Suðurnesja. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir helstu verkefni og samstarfsaðila þeirra á árinu.

Náttúrustofa Suðvesturlands

Helstu verkefni:

Rannsóknir á vistfræði máfa, farháttum noræna vaðfugla, vöktun ýmissa fuglategunda, rannsóknir á fuglaflensu, staða undirtegunda á meðal íslenskra fugla, samsetning smádyrafánu í mismunandi fjöruvistgerðum, kotlagning fjara, fæðuval vaðfugla, áhrif vítamínskorts á dýralíf og vöktun saurgerlamengunar á Suðurnesjum.

Helstu samstarfsaðilar:

Samtök Náttúrustofa (SNS), US Geological Survey, Háskóli Íslands, Háskólinn í Groningen, Náttúrufræðistofnun, Stokkhólmsháskóli og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Helstu verkefni:

Rannsóknir á áhrifum olíumengunar á sjávarlífverur á norðurslóðum, rannsóknir á grjótkrabba sem er nýr landnemi við Ísland, vöktun og rannsóknir á kræklingalirfum við suðvesturland, söfnun svampa og annarra botnfastra sjávarhryggleysingja í samstarfi við Sesselju Ómarsdóttur hjá Lyfjafræðideild HÍ.

Helstu samstarfsaðilar:

Háskólinn í Osló, Matís, Hafrannsóknastofnunin, Arctic ehf, Veitingahúsið Vitinn, Skelrækt – félag skelræktenda á Íslandi og kræklingaræktendur á Suðurnesjum.

Uppbygging rannsóknastöðvar

Ráðherranefnd um atvinnumál veitti Þekkingarsetri Suðurnesja 20 milljóna króna styrk, undir lok síðasta árs, til uppbyggingar rannsóknastöðvar í flokkun og greiningu lífvera. Styrkurinn er til tveggja ára og verður nýttur til greiðslu launa tveggja líffræðinga sem ráðnir hafa verið til starfa á rannsóknastöðinni. Stefnt er að því að rannsóknastöðin verði orðin sjálfbær að þessum tveimur árum liðnum með tekjum af þjónustuverkefnum og rannsóknastyrkjum.

Öflug rannsóknastöð í flokkun lífvera innan Þekkingarsetursins eykur mjög samkeppnisstöðu Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum, er standa að Þekkingarsetrinu ásamt fleirum, við að sækja fé í samkeppnissjóði. Þá hefur stofnun rannsóknastöðvarinnar jákvæð áhrif á menntunarstig á Suðurnesjum.

Fyrsta verkefni stöðvarinnar fylgdi heilt stöðugildi svo nú hafa þrír líffræðingar verið ráðnir til tímabundinna starfa hjá Þekkingarsetri Suðurnesja.

Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs

Eftirfarandi námskeið við Háskóla Íslands verða kennd að hluta af Dr. Gunnari Þór Hallgrímssyni forstöðumanni Náttúrustofu Suðvesturlands og Dr. Halldóri Pálmari Halldórssyni forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum, ýmist hjá HÍ eða Þekkingarsetri Suðurnesja:

Vor 2013

- Eiturefnavistfræði
- Vettvangsnámskeið í vistfræði
- Fuglafræði
- Náttúra Íslands - líffræði (við Endurmenntun HÍ)

Haust 2013

- Sjávar-, vatna- og fiskivistfræði
- Lífheimurinn
- Dýrafræði – Hryggdýr
- Haf- og strandsvæðastjórnun (í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða)

Meistara- og doktorsnemar sem vinna að lokaverkefnum sínum hjá Þekkingarsetri Suðurnesja verða 10 talsins á árinu.

Uppákomur og aðstaða í boði

Líkt og undanfarin ár mun Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum taka þátt í árlegri Vísindavöku Rannís. Að þessu sinni er stefnt að sameiginlegri þátttöku Rannsóknasetursins og Þekkingarseturs Suðurnesja og verður jafnframt leitast við að halda „Vísindakaffi á landsbyggðinni“ á Suðurnesjum sem einnig er á vegum Rannís.

Þekkingarsetrið stefnir á þátttöku í Háskólalestinni og Háskóla Unga fólksins, að því gefnu að framhald verði á þeim viðburðum hjá HÍ á árinu.

Árleg vísindaferð líffræðinema við HÍ verður haldin í Þekkingarsetri Suðurnesja í febrúar, þar sem starfsemi og aðstaða setursins verður kynnt.

Þá er líklegt en enn óstaðfest að framhaldsnemar í alþjóðlegu námskeiði í fiskavistfræði, á vegum Guðrúnar Marteinsdóttur prófessors við HÍ, muni vinna og dvelja í Þekkingarsetrinu í þrjú daga í júní. Ef af verður má búast við um 20 nemum og þremur kennurum sem nýta sér aðstöðuna á setrinu en þetta yrði fjórða árið í röð sem námskeiðið færi þar fram.

Þekkingarsetur Suðurnesja býður háskólanemum af Suðurnesjum upp á námsaðstöðu í húsnæði sínu á hvaða tíma sem er og endurgjaldslaust.

Fræðsla í tengslum við sýningar Þekkingarsetursins

Á starfsárinu verður áhersla lögð á að kynna náttúrugripasýninguna og sögusýninguna *Heimskautin heilla* sem staðsettar eru í Þekkingarsetri Suðurnesja, fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólum um allt land sem fróðlega og skemmtilega viðbót við kennslu í náttúrufræði, sögu og frönsku.

Náttúrugripasýningin verður notuð til að vekja áhuga nemenda á náttúrufræðum almennt enda eitt mikilvægasta hlutverk grunnskólakennslu í náttúrufræði að viðhalda þeirri forvitni sem börn hafa á fyrirbærum náttúrunnar.¹ Framtíðarsýn Þekkingarsetursins er sú að hægt verði að tengja efni sýningarinnar sérstaklega við *Aðalnámskrá grunnskóla* þannig að heimsóknir nemenda á sýninguna verði hluti af náttúrufræðináminu og að efnistökn heimsóknanna miðist við námsefni hvers árgangs fyrir sig. Einfalt er að flétta fjöru- eða tjarnaferð saman við heimsókn á sýninguna, sem fela þá í sér vettvangsnám og útikennslu sem er sérstaklega mikilvægt í náttúrufræðinámi líkt og kemur fram í *Aðalnámskrá*.²

Heimskautin heilla fjallar um franska lækinn, vísindamanninn og heimaskautafarann Jean-Baptiste Charcot en rannsóknaskip hans fórst við Íslandsstrendur árið 1936. Sýningin er glæsileg í alla staði, efni hennar á íslensku og frönsku, og nýtist vel sem áhugavert uppbrot í sögu- og jafnvel frönskukennslu.

Sýningarnar verða auglýstar í Safnabókinni, bæklingnum *Around Iceland*, á appinu *Be Iceland* og á vefnum www.iceland.is

¹ Aðalnámskrá grunnskóla. Náttúrufræði og umhverfismennt. 2007: 5.

² Aðalnámskrá grunnskóla. Náttúrufræði og umhverfismennt. 2007: 9.

Símenntun og samstarf við menntastofnanir og fyrirtæki

Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Eftirtalin námskeið verða haldin hjá Þekkingarsetri Suðurnesja í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) vorið 2013:

Uppstoppun dýra

Þriðjudaginn 26. febrúar frá kl. 20:00-22:00

Lýsing: Kynning á uppstoppun þar sem farið verður yfir uppruna fagsins, þróun þess í gegnum aldirnar og stöðu þess í dag. Þá verður ferli við uppstoppun spendýra og fugla útskýrt. Brynja verður með skinn og hami til sýnis sem hægt verður að skoða á meðan hún svarar fyrirspurnum að fyrirlestri loknum.

Kennari: Brynja Davíðsdóttir. Brynja er menntaður hamskeri og náttúrufræðingur með áherslu á fugla í báðum starfsgreinum. Hún hefur unnið til alþjóðlegra verðlauna fyrir uppstoppun á smáfuglum og hefur tekið að sér verkefni fyrir söfn, skóla og einstaklinga.

Hafið gaf og hafið tók

Sjóslys á Suðurnesjum

Miðvikudaginn 6. mars frá kl. 20:00-22:00

Lýsing: Sjósókn hefur verið stunduð hér við ströndina frá landnámi. Þar hafa líka verið miklar mannfórnir í aldanna rás enda hafið oft miskunnarlaust þar sem maðurinn mátti sín lítils.

Fjallað verður um sjóslys á Suðurnesjum í gegnum árin.

Kennari: Reynir Sveinsson

Hver var Jean-Baptiste Charcot?

Fimmtudaginn 21. mars frá kl. 20:00-22:00

Lýsing: Fjallað verður um ævi og störf franska læknisins, vísindamannsins og heimskautafarans Jean-Baptiste Charcot en rannsóknaskip hans, Pourquoi-Pas?, fórst við Íslandsstrendur árið 1936.

Kennari: Friðrik Rafnsson

Fuglaskoðun – Hvar, hvenær og hvernig?

Þriðjudaginn 16. apríl frá kl. 20:00-22:00

Lýsing: Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á fuglum og fuglaskoðun en vita ekki hvar eða hvernig þeir eiga að byrja. Fjallað verður um helstu fuglategundir sem finnast á Suðurnesjum

og hvernig á að þekkja þær. Auk þess verður farið í grunnatriði fuglaskoðunar með tilliti til tækjabúnaðar, bókakosts og árstíða sem dæmi.

Kennari: Dr. Gunnar Þór Hallgrímsson

Kræklingatínsla

Þriðjudaginn 23. apríl frá kl. 20:00-22:00 og laugardaginn 27. apríl frá kl. 10:00.

Lýsing: Fjallað verður um krækling, líffræði hans og hvað þarf að hafa í huga við kræklingatínslu.

Námskeiðið er haldið í Þekkingarsetri Suðurnesja, Garðvegi 1, Sandgerði 23. apríl en sjálf kræklingatínslan fer fram í Hvalfirðinum laugardaginn 27. apríl.

Kennari: Dr. Halldór Pálmar Halldórsson

Tínum söl

Sunnudaginn 21. júlí kl. 09:45. Mæting við Geirfuglinn við Valahnjúk á Reykjanesi.

Lýsing: Á námskeiðinu verður þátttakendum kennt að þekkja söl frá öðru þangi, að tína þau og þurrka.

Kennari: Eydís Mary Jónsdóttir

Námskeiðin eru haldin af Þekkingarsetri Suðurnesja en auglýst af MSS, bæði á heimasíðu og í bæklingi sem sendur er í öll hús á Suðurnesjum. MSS sér auk þess um skráningu á námskeiðin. Ráðgert er að halda fleiri námskeið á haustmisseri 2013 en fjöldi þeirra og eðli fer eftir aðsókn á vormisseri.

Samstarf við Fisktækniskóla Íslands

Stefnt er að samstarfi á milli Þekkingarseturs Suðurnesja og Fisktækniskóla Íslands þegar kemur að kennslu og starfskynningu fyrir nemendum Fisktækniskólans. Einn nemandi kemur að líkindum í starfsþjálfun á vorönn 2013.

Samstarf við Keili

Ásdís Ólafsdóttir, starfsmaður og meistaranemi við Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum hefur umsjón með kennslu í náttúrufræði hjá Háskólabrú Keilis.



Samstarf við menntastofnanir á Suðurnesjum

Þekkingarsetur Suðurnesja heldur utan um skrif menntastofnana á svæðinu í Menntavagn Víkurfrétta. Í Menntavagninum birtast vikulegir pistlar á jákvæðum nótum þar sem sagt er frá starfi menntastofnana á svæðinu.

Samstarf við Fiskmarkað Suðurnesja

Þekkingarsetur Suðurnesja er í samstarfi við Fiskmarkað Suðurnesja í tengslum við móttöku nemendahópa úr leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Samstarf við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar

Þekkingarsetur Suðurnesja verður Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar innan handar við skipulagningu og framkvæmd starfskynningar fyrir grunnskólanemendur. Mögulega verður einnig farið í samstarfsverkefni um sagna- og menningarkennslu fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum.

Samstarf við ýmsar stofnanir um stofnun Auðlindagarðs

Lögð var inn umsókn um IPA styrk til Evrópusambandsins til þróunar og stofnunar Auðlindagarðs á Reykjanesi, undir lok síðasta árs. Þekkingarsetur Suðurnesja er einn af níu samstarfsaðilum af Suðurnesjum og Suðurlandi en Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er umsóknaraðili.

Samstarf við símenntunarmiðstöðvar um þróun tæknináms

Mímir-símenntun, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og fleiri símenntunarmiðstöðvar og fyrirtæki sóttu um IPA styrk til Evrópusambandsins m.a. til þróunar námsbrauta í tækni og vísindum fyrir einstaklinga með litla formlega skólagöngu og unga atvinnuleitendur. Þekkingarsetur Suðurnesja er aðili að þeirri umsókn, með kennslu og aðstöðu í huga.



Samstarf við önnur Þekkingarsetur

Stefnt er að því að halda landsfund þekkingarsetra hjá Þekkingarsetri Suðurnesja haustið 2013. Þar yrði myndaður grundvöllur að samstarfi setranna. Forstöðumaður setursins mun heimasækja Þekkingarnet Þingeyinga og Háskólafélag Suðurlands fyrir vorið 2013 og leggja grunn að þessu.

Kynning fyrir almenning á starfsemi Þekkingarsetursins

Opinn dagur verður hjá Þekkingarsetri Suðurnesja á Sandgerðisdögum sem haldnir eru ár hvert í lok ágúst.

Hér hefur verið farið stuttlega yfir þau verkefni sem liggja fyrir hjá Þekkingarsetri Suðurnesja í ársbyrjun 2013. Ekki er ólíklegt að fleiri verkefni bætist við þegar líða tekur á árið.

Hanna María Kristjánsdóttir
Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja